



Alþingi
Erindi nr. P 130/206
komudagur 20.11.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2003

Sam 311/2003 PS/sp
Tilv.: 215,1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla.

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi minnisblað um tillöguna.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Minnisblað um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla



Minnisblað um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki í hyggju að svo stöddu að gera ítarlega umsögn um þingsályktunartillöguna þar sem þar er eingöngu verið að leggja til að skipuð verði nefnd til að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um gjaldfrjálsan leikskóla. Sjónarmið sveitarfélaga munu því koma fram á þeim vettvangi ef af verður. Stjórnin leggst hins vegar ekki gegn því að umrædd nefnd verði skipuð.

Sambandið vill þó benda á að þær tölulegu upplýsingar sem fram koma í athugasemdum með þingsályktunartillögunni eru ágætar svo langt sem þær ná. Nýjustu tölur sýna þó að nú er fyrirsjáanlegt að húsaleigubætur fyrir árið 2003 verði um 1.200 milljónir en samkvæmt greinargerðinni er fjárhæðin talin vera 870 milljónir árið 2002 en var í raun 930 milljónir króna það ár.

Fram kemur í greinargerðinni að tölur um kostnað sveitarfélaganna af þessum málaflökki fyrir árið 2002 liggja fljótlega fyrir. Þessar tölur liggja nú fyrir. Með breytingum á reikningskilareglum sveitarfélaga sem tóku gildi fyrir árið 2002 er húsnæðiskostnaður tekinn með í reikninginn og þá kemur í ljós að rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga var árið 2002 rúmlega 9,2 milljarðar króna og þar við bætist kostnaður sveitarfélaga vegna einkarekinna leikskóla en nærri má geta að sá kostnaður sé um 900 milljónir króna. Heildarkostnaður sveitarfélaga árið 2002 vegna leikskóla var því um 10,1 milljarðar króna.

Þá kemur fram í greinargerðinni að innheimt leikskólagjöld hafi verið 2.400 milljónir árið 2001 og það sé sú fjárhæð sem bæta þurfi sveitarfélögunum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef þessi áform ná fram að ganga má slá því föstu að því fylgi skylda sveitarfélaga til að tryggja öllum börnum vist í leikskóla. Það mun leiða til þess að byggja þarf gríðarlegt magn leikskólarýma. Á árinu 2002 voru samkvæmt gögnum Hagstofunnar 16.282 börn í leikskólum landsins. Börn á leikskólaaldri voru hins vegar 25.149 (gert ráð fyrir að þau komi inn 10 mánaða og séu til ágústloka á 6. aldursári). Þar af leiðandi er ljóst að 8.867 börn á leikskólaaldri voru ekki með pláss í leikskóla árið 2002.

Í reglugerð nr. 225/1995, sbr. reglugerð nr. 365/2001, kemur fram að húsnæði leikskóla skuli miðað við 6,5 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast. Til að sinna þörfinni fyrir öll þessi 8.867 börn þyrfti því að byggja 57.635 m² af leikskólarými en slíkt myndi kosta um kr. 11,5 milljarða króna miðað við kr. 200.000 á fermetra. Þá er reksturinn eftir en gera má ráð fyrir því að langstærstur hluti þessara barna sé í yngsta aldurshópnum þar sem starfsmannafjöldi þarf að vera allt að 2,5 faldur á við elstu börnin. Kostnaður vegna reksturs þessa viðbótarrýmis verður því mun hærri en meðaltal rekstrarkostnaðar í dag. Nærri má geta að rekstrarkostnaðurinn verði um 7,5 milljarðar króna á ári að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar. Er þar miðað við að börnum muni fjölga um rúmlega 50% og að kostnaður vegna þeirra verði mun hærri en meðalkostnaður er í dag. Það er því eðlileg áætlun að þessi 50% fjölgun barna leiði til 75% aukningar á kostnaði sem var rúmlega 10 milljarðar króna árið 2002.